

Skipulags- og tæknifulltrúi
Íris Stefánsdóttir
Fjallabyggð

27. ágúst 2021

Efni: Umsögn um deiliskipulag hafnar- og athafnasvæði á Ólafsfirði

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma fram með umsögn um ofangreinda tillögu.

Hitaveitustofnarnir á svæðinu eru tiltölulega burðugir til að taka við breytingum og því ætti að vera hægt að sækja heitt vatn fyrir nýjar lóðir í næsta stofn. Mikilvægt er að haft sé samráð við Norðurorku á fyrstu stigum framkvæmda við lóðir þar sem hönnun þarf að fara fram.

Einnig vill Norðurorka áréttta að ef færa þarf veitulagnir vegna úthlutunar nýrra lóða til húsbygginga, fellur kostnaður á þann er óskar breytinganna.

Rétt er að ítreka mikilvægi þess að tekið sé tillit til þeirra lagna sem nú eru á svæðinu og tryggt að þær verði ekki fyrir skemmdum þegar framkvæmdir hefjast.

Norðurorka veitir frekari upplýsingar ef eftir því er óskað. Einnig er rétt að minna á kortasjá okkar sem er öllum opin á netinu þar sem hægt er að skoða nánar legu veitulagna á svæðinu.
www.map.is/no

Bestu kveðjur,

Gunnur Ýr Stefánsdóttir
Verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra